

Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Grindavík 5. mars 2013.

## Aðalfundur Suðurlinda ohf.

Stjórn Suðurlinda ohf boðar til aðalfundar félagsins þann 18. mars næstkomandi á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, kl. 17.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við 12. gr. samþykktu félagsins. Auk þess munu fara fram umræða um tilgang og framtíðar félagsins í framhaldi af umræðum á síðasta aðalfundi og stjórnarfundum félagsins.

Óskað er eftir því að fram fari umræða um tilgang og framtíð félags í bæjarráðum aðildarsveitarfélaganna þannig að fulltrúar sveitarfélaganna séu reiðbúnir til að taka ákvörðun á aðalfundi.

### Dagskrá

1. Kjör fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar vegna starfsársins 2012
3. Ársreikningur ársins 2012
4. Kjör stjórnar og skoðunarmanna
5. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap og framlög í varasjóð
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og skoðunarmanna
7. Umræður um tilgang og framtíð félagsins
8. Önnur mál sem sem löglega eru upp borin

Bæjarráð skal veita skriflegt umboð þeim sem skal fara með atkvæðisrétt á fundinum í samræmi við 11. gr. samþykktu félagsins.

Vakin er athygli á því að kjörnum fulltrúum eigenda félagsins er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir samkvæmt 10. gr. sömu samþykktu.

Virðingarfyllt



f.h. Páls Jóhanns Pálssonar stjórnarformanns

Fylgigögn

- Samþykktir félagsins
- Ársreikningur ársins 2012

## Samþykktir fyrir Suðurlindir ohf.

### 1. gr.

Félagið er opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaganna Grindavíkurkaupstaðar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Voga. Heiti félagsins er Suðurlindir ohf. og heimilisfang þess er Iöndalur 2, 190 Vogum.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að standa vörð um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna Grindavíkur, Hafnarfjarðar og Voga og íbúa þeirra varðandi náttúruauðlindir í landi sveitarfélaganna við Trölladyngju, Sandfell og Krýsuvík, m.a. mögulega nýtingu jarðvarma og eignar og nýtingarétt hvers sveitarfélags fyrir sig. Sérstaklega verði horft til nýtingar orkuauðlinda til atvinnuþróunar og uppbyggingar í sveitarfélögunum þremur. Einnig að tryggja gott samstarf og samvinnu sveitarfélaganna um skipulag og framkvæmdir á skilgreindum auðlindasvæðum og marka skýrar áherslur í náttúruvernd og umhverismálum á umræddum svæðum auk þess að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn um þróun atvinnulífs og fbúðabygðar og fjárhagslegur rekstur í tengslum við ofangreind markmið.

### 3. gr.

Hlutfé félagsins er 4.500.000 kr. – fjórar milljónir og fimm hundruð þúsund sem skiptist í jafna hluta að fjárhæð 1 kr. að nafnvirði. Allir hlutir í félaginu eru jafuréttháir og njóta óskerts atkvæðisréttar.

### 4. gr.

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með samhljóða ályktun hluthafafundar. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum. Hluthafafundur einn getur jafnframt ákveðið samhljóða lækun hlutafjár.

### 5. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn hlutafélagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

### 6. gr.

Sala og veðsetning hluta er óheimil án samhljóða ályktunar hluthafafundar.

### 7. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafa er ekki skylt að sæta innlausn á hlutum sínum nema félaginu sé slitið, hlutféð sé lækkað eða skv. lögum. Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

### 8. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmaetra hluthafafunda með þeim takmörkunum sem samþykktir þessar og lög setja. Hluthafi fer með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum.

### 9. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða skoðunarmanna eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda

hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður innan fjórtán daga.

#### 10. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hvers hlutahafa í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Auk hluthafa skal ætíð boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Kjörnum fulltrúum eigenda er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

#### 11. gr.

Hluthafar (bæjarráð) skulu með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé mælt fyrir í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a) að skýlda hluthafa til að leggja fram fé í félagsparfir framyfir skuldbindingar sínar,
- b) að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eða
- c) að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild hluthafa í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

#### 12. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins og formaður stjórnar skulu kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

#### 13. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

#### 14. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Tveir meðstjórnarmenn skulu vera frá hverjum hluthafa/sveitarfélagi sem ekki hefur stjórnarmann sem fer með formennsku í stjórn. Sá hluthafi/sveitarfélag sem hefur stjórnarmann sem fer með formennsku hefur ekki aðra stjórnarmenn í stjórn. Hver hluthafi/sveitarfélag hefur á hendi stjórnarformennsku í félaginu eitt ár í senn.

Við kjör í stjórn félagsins skal tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

#### 15. gr.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund og í

Það minnsta einn stjórnarmaður frá hverjum hluthafa. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn. Halda skal fundargerðir um stjórnarfundi.

#### 16. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

#### 17. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra félagsins og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs í samræmi við ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

#### 18. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa tvo löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn ásamt varamönnum. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

#### 19. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.


#### 20. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögnum aðalfundi eða aukafundi með fullu samþykki allra hluthafa.

Þegar ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins þann 20. desember 2007

Róbert Þorgeirsson  
Jónína Ólafsson  
Ólafur Guðlaugsson



## Viljayfirlýsing


Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður og Sveitarfélagið Vogar lýsa yfir vilja sínum til að standa saman að stofnun félagsins Suðurlindir. Markmið félagsins verður að standa vörð um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna og íbúa þeirra varðandi náttúruauðlindir í landi sveitarfélaganna við Trölladyngju, Sandfell og í Krýsuvík m.a. mögulega nýtingu jarðvarma og eignar- og nýtingarrétt hvers sveitarfélags fyrir sig. Félagið verður alfarið í eigu opinberra aðila og munu sveitarfélögin þrjú fara með jafnan hlut.

Lögsagnarumdæmi sveitarfélaganna Grindavíkur, Hafnarfjarðar og Voga liggja saman þvert um nokkur helstu jarðhitasvæði á Reykjanesi. Því er ljóst að þau eiga mikilla sameiginlega hagsmuna að gæta á ýmsum sviðum.


Mikilvægt er að þessi þrjú sveitarfélög eigi gott samstarf um skipulag og framkvæmdir á skilgreindum auðlindasvæðum og marki sér skýrar áherslur í náttúruvernd og umhverfismálum á umræddum svæðum. Jafnframt vinni þau að sameiginlegri framtíðarsýn um þróun atvinnulífs og íbúðabyggðar og nýtingar orkuauðlinda fyrir sveitarfélögin á eigin vegum eða í samstarfi við önnur orkufyrirtæki.


Bæjarstjórum sveitarfélaganna er falið að undirbúa frekar formlega stofnun Suðurlinda og samþykktir fyrir félagið sem verða teknar til afgreiðslu hjá bæjarstjórnnum á næstu vikum. Stefnt skal að því að félagið taki til starfa eigi síðar en í ársbyrjun 2008.

Vogum  
15. nóvember 2007


  
Ólafur Örn Ólafsson  
Bæjarstjóri Grindavíkur


Innk:	15.11.2007
Málsnr:	0711114
Bréfál:	650


  
Lúðvík Geirsson  
bæjarstjóri Hafnarfirði


  
Róbert Ragnarsson  
bæjarstjóri Vogum


Vottar til staðfestu undirritunar viljayfirlýsingar:


  
Sigrún Þórunn Þorvaldsson

  
Þórunn Ólafsson

  
Finn Alfreðsson

  
Kristinn Þorvaldsson

  
Guðrún Halldórunn

  
Björn Haraldsson

**AFRIT**

**Drög**  
**Suðurlindir ohf.**

**Ársreikningur 2012**

**Efnisyfirlit****bls.**

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7 - 8

Suðurlindir ohf  
Kennitala 561008-0190  
löndalur 2, Vogum

## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er að standa vörð um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna Grindavíkur, Hafnarfjarðar og Voga og íbúa þeirra varðandi náttúruauðlindir í landi sveitarfélaganna við Trölladyngju, Sandfell og Krýsuvík, m.a. mögulega nýtingu jarðvarma og eignar og nýtingarétt hvers sveitarfélags fyrir sig. Sérstaklega verði horft til nýtingar orkuauðlinda til atvinnuþróunar og uppbyggingar í sveitarfélögunum þremur. Einnig að tryggja gott samstarf og samvinnu sveitarfélaganna um skipulag og framkvæmdir á skilgreindum auðlindasvæðum og marka skýrar áherslur í náttúruvernd og umhverismálum á umræddum svæðum auk þess að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn um þróun atvinnulífs og íbúðabygðar og fjárhagslegur rekstur í tengslum við ofangreind markmið.

### Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

### Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps.

### Eignaraðild

Í lok ársins voru hluthafar félagsins þrír og er eignarhald óbreytt frá fyrra ári:

Grindavíkurkaupstaður .....	33,3%
Hafnarfjarðarkaupstaður .....	33,3%
Sveitarfélagið Vogar .....	33,3%

Stjórn Suðurlinda ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. september 2012

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:



## Áritun endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa Suðurlinda ohf

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Suðurlinda ohf. fyrir árið 2012 í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningskila. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda Suðurlinda ohf. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur félagsins ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum ekki endurskoðað eða kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 20. september 2012

### PricewaterhouseCoopers ehf

Ljósbrá Baldursdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýringar	2012	2011
<b>Rekstrargjöld</b>			
Stjórnarlaun .....		470.000	0
Reikningsleg aðstoð .....		45.752	60.899
Annar rekstrarkostnaður .....		43.800	17.900
		<u>559.552</u>	<u>78.799</u>
<b>Rekstrartap</b>		(559.552)	(78.799)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....		67.821	62.629
	3	<u>67.821</u>	<u>62.629</u>
<b>(Tap) ársins</b>		<u>(491.731)</u>	<u>(16.170)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	Skýringar	2012	2011
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		57.500	89.991
Handbært fé .....		3.024.133	3.532.170
		<u>3.081.633</u>	<u>3.622.161</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>3.081.633</u></u>	<u><u>3.622.161</u></u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		4.500.000	4.500.000
Óráðstafað eigið fé .....		(2.918.367)	(2.426.636)
	4	<u>1.581.633</u>	<u>2.073.364</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		0	48.797
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.500.000	1.500.000
		<u>1.500.000</u>	<u>1.548.797</u>
<b>Skuldir samtals</b>		1.500.000	1.548.797
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>3.081.633</u></u>	<u><u>3.622.161</u></u>

## Sjóðstreymi ársins 2012

	Skýringar	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
(Tap) ársins .....		(491.731)	(16.170)
		<u>(491.731)</u>	<u>(16.170)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		32.491	17.900
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(48.797)	43.275
		<u>(16.306)</u>	<u>61.175</u>
<b>Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri</b>		<u>(508.037)</u>	<u>45.005</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(508.037)	45.005
Handbært fé í byrjun tímabils .....		3.532.170	3.487.165
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>3.024.133</u></u>	<u><u>3.532.170</u></u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Tilgangur félagsins er að standa vörð um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna Grindavíkur, Hafnarfjarðar og Voga og íbúa þeirra varðandi náttúruauðlindir í landi sveitarfélaganna við Trölladyngju, Sandfell og Krýsuvík, m.a. mögulega nýtingu jarðvarma og eignar og nýtingarétt hvers sveitarfélags fyrir sig. Sérstaklega verði horft til nýtingar orkuauðlinda til atvinnuþróunar og uppbyggingar í sveitarfélögunum þremur. Einnig að tryggja gott samstarf og samvinnu sveitarfélaganna um skipulag og framkvæmdir á skilgreindum auðlindasvæðum og marka skýrar áherslur í náttúruvernd og umhverismálum á umræddum svæðum auk þess að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn um þróun atvinnulífs og íbúðabyggingar og fjárhagslegur rekstur í tengslum við ofangreind markmið.

Suðurlindir ohf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að löndal 2, 190 Vogar

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 2.3 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 2.4 Hlutafé

Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé.

### 2.5 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

## Skýringar

### 3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Aðrir liðir	Samtals 2012	Samtals 2011
Vaxtatekjur og verðbætur .....	74.133	0	74.133	62.629
Vaxtagjöld og verðbætur .....	0	(6.312)	(6.312)	0
	<u>74.133</u>	<u>(6.312)</u>	<u>67.821</u>	<u>62.629</u>

### 4. Eigið fé

#### Hlutafé

Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði.

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2011:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	4.500.000	(2.410.466)	2.089.534
Tap ársins .....	0	(16.170)	(16.170)
Staða í árslok .....	<u>4.500.000</u>	<u>(2.426.636)</u>	<u>(2.073.364)</u>
<b>Hreyfingar 2012:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	4.500.000	(2.426.636)	2.073.364
Tap ársins .....	0	(491.731)	(491.731)
Staða í árslok .....	<u>4.500.000</u>	<u>(2.918.367)</u>	<u>1.581.633</u>